

Ed.

43. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12, 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á vetrarþingi 1931 og fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

„Samkvæmt heimild í lögum frá 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, hafa bæjarstjórnir í kaupstöðum gert samþykktir, sem takmarka vinnutíma verzlunarfólks. Áður voru engin lög til um þetta og ekkert því til fyrirstöðu, að búðir væru opnar frá því kl. 6 á morgnana til kl. 12 á kvöldin, enda þekktust þess dæmi. Má geta nærri, hvert slit það hefir verið á verzlunarfólki að hafa svo langan vinnudag, og það alveg að óþörfu, því verzlunin varð eigi meiri, þótt lengi væri opin búð.

Með viðauka við þessi lög, er samþ. var á Alþingi 1928, hið svonefnda „rakarafrv.“, sem frægt er orðið, var heimildin látin ná til sölubúða og sölu- staða, þar sem innlendar vörur eru seldar, og til vinnustofa, er hafa viðskipti við almenning, og hafa bæjarstjórnir einnig sett reglur um lokunartíma samkvæmt þessum viðauka við lögin.

Sá viðauki við lögin, sem þetta frv. felur í sér, heimilar bæjarstjórnnum að takmarka vinnutíma sendisveina. Það er sem sé alkunnugt, að þótt lokun búða og vinnustofa sé nú ákveðin, þá losnar ekki starfsfólk verzlana að jafnaði þá þegar. Þá er venjulega mikið starf eftir; jafnvel má segja, að þá fyrst byrji í alvöru vinnudagur sendisveinanna, enda er ekki óalgengt að sjá þá vera að flytja vörur heim til kaupenda fram yfir miðnætti. Hvilík ániðsla þetta er á sendisveinum, þarf eigi að lýsa, eða óþægindi fyrir aðstandendur þeirra, að þurfa að biða eftir því fram eftir allri nóttu, að þeir komi heim frá starfi. En þetta verður ekki lagað nema með því, að settar séu reglur um vinnutíma þeirra. Í viðbótinni við lögin, sem hér er flutt, er bæjarstjórnnum heimilað að setja í samþykkt, að vörur frá verzlunum verði eigi sendar heim til kaupenda lengur dags en svo, að ein klukkustund sé til lokunartíma. Ef kaupendur vara vissu það, að þeir fengju vörur eigi heimsendar eftir tiltekinn tíma dagsins, þá mundi ekki ske annað en það, að þeir gerðu innkaup í verzlunum fyrr dags en nú er gert. Því þetta sleifarlag, sem nú er, býður þeim beinlínis upp á að draga fram að lokunartíma kaup sín. Því alltaf er hægt að síma í kaupmanninn og fá vöruna senda heim.

Er því meiri þörf á að setja um þetta reglur að opinberri tilhnutun sem sendisveinarnir eru algerlega varnarlausir fyrir þeirri ániðslu, sem þeir eru ofurseldir undir þessu fyrirkomulagi.

Í frv. eru ekki settar neinar ákveðnar reglur um það, hve langur skuli vera vinnutími sendisveina; það er bæjarstjórnnum ætlað að gera. En í frv. er heimild til þess að ákveða vinnutíma í flokkum, misjafnlega langan eða stuttan, eftir aldri sendisveinanna“.